

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Steingrími J. Sigfússyni um auðlegðarskatt.

1. *Má vænta þess að ráðherra endurskoði afstöðu sína til niðurfellingar auðlegðarskatts í ljósi þess að hann færði fram efasemdir um lögmæti skattheimtunnar sem röksemd fyrir afnámi skattsins, en Hæstiréttur hefur nú úrskurðað skattinn lögmætan?*

Allir eignarskattar eru háðir þeim annmarka að ekki þarf að vera neitt samband milli álagningar slíkra skatta og greiðslugetu þess sem skatturinn er lagður á. Hann leggst í mörgum tilvikum á tekjulágt eldra fólk sem býr í skuldlausu húsnæði, eins og fram kemur í skýrslu velferðarráðherra sem lögð var fram á 140. löggjafarþingi (þskj. 1714 í 756. máli). Niðurstaða Hæstaréttar hefur engin áhrif á þá ákvörðun að leggja þessa skattheimtu af. Benda verður á að veigamikil forsenda fyrir mati dómsins á lögmæti auðlegðarskattsins er að hann er tímabundinn. Það er því alls óvíst að Hæstiréttur hefði komist að sömu niðurstöðu ef um væri að ræða ótímabundinn skatt.

2. *Ef ákveðið yrði að viðhalda í einhverjum mæli sérstakri skattheimtu á auðugustu einstaklinga og fjölskyldur landsins sem lið í tekjuöflun ríkisins og til að auðvelda niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs, hvaða útfærslu slíkrar skattheimtu teldi ráðherra þá heppi-legasta?*

Ríkisstjórnin hefur engin áform um að skattleggja „auðugustu einstaklinga og fjölskyldur landsins“ umfram það sem almenn skattlagning tekna og neyslu gerir ráð fyrir.